

Borgarráð

Efni :

Borgarráð 28.6.2018: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna deiliskipulags Óðinstorgs

Vísað er til fyrirspurnar borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins vegna deiliskipulags Óðinstorgs. Spurt er um áætlaðan kostnaður við formlega fornleifaskráningu sem Minjastofnun nefnir í umsögn sinni um framkvæmdina?

Svar Umhverfis- og skipulagssviðs:

Í bréfi Minjastofnunar Íslands dags. 25. apríl 2018 kemur fram að „Ekki hefur farið fram formleg fornleifaskráning á svæðinu en talsverð þekking um minjar um eldri byggð á svæðinu er þó fyrirliggjandi, eins og sýnt er á mynd frá Borgarsögusafni (ódags/ómerkt) sem byggir á gömlum kortum af Reykjavík. Samkvæmt korti Sveins Sveinssonar frá 1887 virðast fjögur kotbýli hafa verið staðsett innan hins fyrirhugaða framkvæmdasvæðis en einnig er fjöldi annara býla í næsta nágrenni. Minjastofnun telur að fyrirliggjandi þekking, byggð á áður nefndum gögnum gefi til kynna að sterkar líkur séu á að leifar áður nefndra kotbýla, sem og annarra minja þeim tengdum, sé enn að finna í jörðu innan framkvæmdasvæðisins og að þar sem sýnt er að framkvæmdir muni hafa í för með sér jarðrask sé nauðsynlegt að framkvæmdirnar verði undir eftirliti fornleifafræðings“ og hann skrái minjar sem komi mögulega í ljós.

Helstu verkþættir er tengjast fornleifaskráningu á framkvæmdasvæðinu eru:

- Undirbúningur
- Framkvæmdaeftirlit
- Fornleifauppgröftur
- Úrvinnsla
- Forvarsla forngripa

Ekki liggja fyrir nákvæmar upplýsingar um kostnað við fornleifaskráningu á framkvæmdasvæði Óðinstorgs.

Á árinu 2018 var unnin fornleifaskráning á framkvæmdasvæði Naustatorgs við Tryggvagötu. Að teknu tilliti til áætlaðs kostnaðar við fornleifaskráningu Naustatorgs má áætla að kostnaður við fornleifaskráningu Óðinstorgs verði 4.8 milljónir kr. m/vsk.

Reykjavík 12. janúar 2019

Ólafur Ólafsson

deildarstjóri

Skrifstofu framkvæmda og viðhalds

Umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar